

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um vistvæn innkaup.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

1. Hvert er hlutfall vistvænna útboða af heildarfjölda útboða, þ.e. útboða með umhverfiskilyrðum, útboða sem taka mið af líftímakostnaði eða útboða sem á annan hátt eru til þess fallin að minnka umhverfisáhrif hjá Ríkiskaupum fyrir árin 2015–2018?
2. Hvernig hyggst ráðuneytið auka hlutfall vistvænna útboða á næstu árum og hvaða mælanlegu markmiðum er stefnt að því að ná fyrir árið 2021?

Skriflegt svar óskast.